

7.fundur hreppsnefndar Árneshrepps fimmtudaginn 24.ágúst 2023 haldinn á skrifstofu Árneshrepps í Norðurfirði og hefst kl. 14:00.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Delphine Briois Kjörvogi og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins;

**Stóru verkefniin;**

1. Ljósleiðaravæðing og þrífösun, framhald verkefnisins
2. Norðurfjarðarhöfn, staðan.
3. Samgöngumál.
4. Sorpsamlag Strandasýslu.

**Mál í vinnslu;**

1. Velferðarnefnd Vestfjarða, seinni umræða.
2. Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Árneshrepps, fyrri umræða.
3. Brunavarnir og fleira.
4. Rafmagn, varmadæla og rafmagnsteikningar.
5. Viðhald og staða verkefna.
6. Bréf frá Náttúruhamfaratryggingu – flotbyggjur.
7. Tölvupóstur frá Sambandinu vegna ágangs fjár.
8. Erindi vegna hvalreka í Trékyllisvík.
9. Samvinna/framtíðaráform.

**Stóru verkefniin;**

1.Ljósleiðaravæðing og þrífösun. Orkubúið telur að byrjað verði að leggja jarðstreng og ljósleiðara eftir næstu viku. Unnið er að samningadrögum. Hreppsnefnd ítrekar að ekki verð látið staðar numið í Norðurfirði, heldur stefnt að því að klára að Krossnesi og Felli í haust. Ennfremur vill hreppsnefnd leggja áherslu á uppsetningu hraðhleðslustöðva í Norðurfirði og við Krossneslaug.

2.Norðurfjarðarhöfn, staðan á verkefninu. Jónas hjá Tígur vinnur nú að hleðsluverkefni sem er til að hækka og setja útsýnispall á sjóvarnargarðinn. Steypuvinna er langt komin og í athugun er að óska tilboða vegna handriðasmíði. Og einnig er í bígerð kaup og lagning á stéttum fyrir neðan verslunarhús. Hafa þarf samband við rafvirkja vegna endurnýjunar á rafmagni við höfnina.

3.Samgöngumálin. Hreppsnefnd leggur þunga áherslu á að Alþingi ákveði við umræður um Samgönguáætlun að Veiðileysuhálsi haldið inni á áætlun og að jafnframt verði hafin hönnun á nýjum vegi frá Djúpavík til Norðurfjarðar. Flugáætlun verður sú sama og var síðasta vetur. Þarf að fá staðfestingu á því að mokstursreglur verði eins og verið hefur síðustu tvö ár. Athuga þarf með fund framkvæmdastjóra Vegagerðarinnar og svæðistjóra varðandi samgöngumál.

4.Sorpsamlag Strandasýslu. Rekstrarkostnaður hækkar á milli ára og ennfremur mun sveitarfélagið þurfa að borga meira fyrir sérþjónustu. Hreppsnefnd telur að mikið vanti upp á að umgengni við gáma Sorpsamlagsins sé í lagi og telur jafnframt að það muni ekki lagast fyrr en nýir gámar eru komnir á svæðið. Athuga þarf hvernig Árneshreppur fær greiðslu fyrir sorphirðu frá sveitarfélögum norðan Árneshrepps.

### **Mál í vinnslu;**

1.Velferðarnefnd Vestfjarða, seinni umræða. Hreppsnefnd tók til síðari umræðu Samning um sérhæfða velferðarþjónustu Vestfjarða og Viðauka 1 við sama samning og var hvoru tveggja samþykkt samhljóða.

2.Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Árneshrepps, fyrri umræða. Hreppsnefnd tók breytingar á samþykktum um stjórn og fundarsköp Árneshrepps númer 1320/2018 til fyrri umræðu og var hún einnig samþykkt samhljóða.

3.Brunavarnir og fleira. Námskeið til æfinga á slökkvibíl eru á stefnuskrá og rætt var um að setja upp reykskynjara í húsnæði hreppsins. Ákveðið var að setja samtengda reykskynjara í Kaupfélagshúsinu, og einnig þarf að skoða málin varðandi vatnsslöngur, exit-ljós og reykskynjara.

4.Rafmagn, varmadæla og rafmagnsteikningar. Ákveðið var kaupa varmadælu fyrir skólaíbúðina og einnig að láta plægja niður samtímis rör fyrir skólann sjálfan.

5.Viðhald og staða verkefna. Athuga þarf með flotbryggjur í höfninni.

6.Bréf frá Náttúruhamfaratryggingu – flotbryggjur. Ákveðið var að skoða hvort og hvað borgi sig að tryggja í Norðurfjarðarhöfn.

7.Tölvupóstur frá Sambandinu vegna ágangs fjár. Bændasamtökin sendu einnig sveitarfélögum eringi um málið og verður það skoðað nánar.

8.Erindi vegna hvalreka í Trékyllisvík. Verið er að leita lausna varðandi málið.

9.Samvinna/framtíðaráform. Smá vangaveltur um framtíðina.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:20